

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

35. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 9. apríl kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru á fundinn: Samúel Kristjánsson oddviti, Elsa G. Borgarsdóttir og Birgir G. Ragnarsson.

Jóhanna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Baldursdóttir voru í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.
Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gættri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Innheimta tengigjalda vegna ljósleiðara.
3. Uppbygging við Langeyri vegna kalkpörungavinnslu.
4. Sumarstörf og sumarverkefni.
5. Húsnæðismál.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Innheimta tengigjalda vegna ljósleiðara.
Sveitarstjórn vísar til bókunar á aukasveitarstjórnarfundi þann 1. mars 2021 og felur sveitarstjóra að fylgja eftir innheimt tengigjalda. Jóhanna Kristjánsdóttir sat hjá við afgreiðslu.
3. Uppbygging við Langeyri vegna kalkpörungavinnslu.
Sveitarstjórn samþykkir að drög að viljayfirlýsingu milli Súðavíkurhrepps og Íslenska kalkpörungafélagsins skuli vera upphaf samningaferlis við Íslenska kalkpörungafélagið.
4. Sumarstörf og sumarverkefni.
Sveitarstjórn samþykkir að leggja til framlag til ráðningar starfsmanns í sumarstarf í Raggagarð í þrjá-fjóra mánuði.
Sveitarstjóri fái heimild til þess að ráða í allt að þrjú auka sumarstörf til viðbótar við hefðbundin sumarstörf fyrir sérstök verkefni í sumar í Súðavíkurhreppi.
Meðal verkefna í sumarvinnu verði niðurrif / upptaka gyrðingar á Svansvíkurhálsi yfir í Skálavík.
5. Húsnæðismál.
Sveitarstjóra falið að halda fram sölu á Arnarflöt 7 (græna) og falið að auglýsa það sem fyrst. Ákveðið er að sala á húsum á Langeyri verði opin fyrir tilboð til 1. maí 2021.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:27

Ragnheiður Baldursdóttir

Elsa G. Borgarsdóttir

Birgir G. Ragnarsson

Jóhanna Kristjánsdóttir

Samúel Kristjánsson oddviti

